

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	20.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Marínósson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram komu þrjú frávik við eftirlit á urðunarstað Bakkafjarðar. Varða frávikin móttöku á úrgangi sem ekki fellur undir starfsemi starfsleyfis, ófullnægjandi skráningar og að ekki var ársyfirliti skilað í heild sinni vegna rekstrarársins 2023 fyrir 1. maí.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar í Bakkafirði í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári. Þær tegundir úrgangs sem má taka á móti á urðunarstað er meðhöndlaður úrgangur sem flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 og 20 sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Gildistími starfsleyfis er til 21.03.2034.

Umfang eftirlitsins er eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili uppfærði í byrjun árs tengilið vegna urðunarstaðar þar sem ráðinn var umhverfisfulltrúi til starfa fyrir sveitarfélagið, sem m.a. mun sinna verkefnum vegna urðunarstaða sveitarfélagsins og var einnig viðbragð við frávikum síðasta árs. Rekstraraðili hefur hafið vinnu að heildaráætlun í úrgangsmálum Langanesbyggðar með það markmið að draga úr urðun.

Í síðasta eftirliti komu fram tvö frávik er vörðuðu ófullnægjandi skilum á skráningum og að skráningum var ekki skilað inn innan tilskilins frests. Hefur rekstraraðili fengið leiðbeiningar vegna atriða sem upp á vantar. Í þeim tilfellum þar sem rekstraraðili er ekki viss með framkvæmd ákveðinna atriða í skráningum, var honum bent á að leita til ráðgjafa vegna þeirra atriða. Mikilvægt er að hafa í huga að rétt sé staðið að sýnatökum upp á að niðurstöður innihaldi alla þá mælipætti sem til staðar eru og meðhöndlun og framkvæmd fyrir sýnatökum sé framkvæmd á fullnægjandi hátt.

Á Bakkafirði voru urðuð 198,19 t árið 2023, fram að þessu hafa áætlanir um samdrátt í urðun ekki gengið eftir og urðunarheimild er allt að fullnýtt. Af því sem urðað er tilheyrir 48% af því sem urðað er blönduðum heimilisúrgangi (sorþhirða, gámasvæði og annar rúmfrekur úrgangur), 33% blönduðum óskilgreindum úrgangi frá rekstri, 10% viðarúrgangi og 9% tilheyrir matarúrgangi frá eldhúsum og verslun.

Þann 23. apríl sl. skilar rekstraraðili inn upplýsingum um tryggingar, umhverfismarkmið, viðbragðsáætlun og minnisblað vegna urðunarstaðar. Þann 16. maí var skilað inn niðurstöðum úr brunnsynum úr tveimur brunnum frá Bakkafirði. Í þeim niðurstöðum koma fram niðurstöður á greiningum á sýrustigi, leiðni og efnafræðilegri súrefnisþörf (COD). Í gagnaskilum liggja ekki fyrir aðrar niðurstöður vegna mælinga við Bakkafjörð en einu sinni á ári ber rekstraraðila að framkvæma sýnatök vegna samsetningu yfirborðsvatns (1x á ári), samsetningu grunnvatns (1x á ári) ásamt stöðu grunnvatns (2x á ári). Vantar niðurstöður á öllum mælipáttum fyrir utan það sem framangreint var (sjá nánar hvaða mælipættir þurfa að koma fram undir gr. 4.2 í starfsleyfi).

Rekstraraðila ber að gera grein fyrir skráningum á innra eftirliti og vöktun vegna starfsemi sinnar sbr. 4.1 í starfsleyfi og ber að skila þeim í árlegri skýrslugjöf sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. Ekki hafa komið fram upplýsingar um niðurstöður vegna tölulíða 3.–4., 6. í heild sinni, ásamt tölulíðum 7.–11.

Farið var í vettvangsskoðun á urðunarstað. Við eftirlit stóð yfir urðun á fiskiúrgangi og vert er að benda á að Matvælastofnun veitir leiðbeiningar um förgun úrgangs sem fellur undir reglugerð um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis sbr. I. viðauka reglugerðar nr. 803/2023.

Frágangur svæðis og umgengni er ófullnægjandi. Á urðunarstað hefur verið tekið á móti brotajárni, óvirkum úrgangi í körum og raftækjaúrgangi sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi. Ásamt því eru geymd á urðunarstað úr sér gegnir vagnar og vinnutæki sem ekki tilheyra þeirri starfsemi sem fram fer á urðunarstað.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

grein 1.1. í starfsleyfi og 9. gr reglugerðar nr. 803/2023:

Starfsleyfi rekstraraðila gildir fyrir móttöku til urðunar úrgangs. Önnur móttaka á úrgangi er óheimil og ber að fara inn á viðeigandi móttökustöð. Inn á urðunarstað eru gámar með brotajárni og raftækjum, kör með óvirkum og blönduðum úrgangi ásamt úr sér gegnum ökutækjum, vinnuvélum og vagnar sem tilheyra annarri starfsemi.

grein 4.1 í starfsleyfi:

Rekstraraðila ber að gera grein fyrir skráningum á innra eftirliti og vöktun vegna starfsemi sinnar sbr. 4.1 í starfsleyfi og ber að skila þeim í árlegri skýrslugjöf sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. Ekki hafa komið fram upplýsingar um niðurstöður vegna tölulíða 3.– 4., 6. í heild sinni, ásamt tölulíðum 7.-11.

grein 4.4 í starfsleyfi.

Samantekt á niðurstöðum skráninga (öll atriði er koma fram í gr. 4.1 í starfsleyfi) var ekki skilað inn til Umhverfisstofnunar vegna ársins 2023. Skráningum úrgangs í gagnagátt hefur verið skilað, ásamt hluta af skráningum úr innra eftirliti (sjá nánar í umfjöllun í skýrslu).

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir